

Fundargerð 3. Fundur mánudagur 13 apríl.

Allir meðlimir hópsins mættir Birgir Guðmundsson, Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, Helgi Guðmundsson, Hjalti Jóhannesson og Magnfríður Birna Júlíusdóttir.

1. Óskað eftir athugasemdum við fundargerð síðasta funda Funog dagskrá fundarins. Ákveðið að gefa lengri frest til athugasemda við fundargerð en að svo stöddu engar athugasemdir.
2. Formaður gerði grein fyrir niðurstöðu verkefnisstjórnar varðandi mat á svæðum þar sem friðlýsing hafði verið afturkölluð vegna dóms Hæstaréttar. Málið var afgreitt í verkefnisstjórn og ekki talið nauðsynlegt að faghópar vinni málin upp á nýtt. Umræður um þessa niðurstöðu.
3. Hópurinn ræddi með hvaða hætti skynsamlegt gæti verið að setja fram hugmyndir um rannsóknir í þessum áfanga áætlunarinnar og hvaða breytingar eða nýmæli væru líkleg til að koma upp með tilliti til nýrra kosta (vindvirkjanir) og breytingar á lagaumgjörð. Farið yfir nokkur atriði í þeim efnum og skoðuð samantekt Hjalta um málið og hinum falið að taka saman efni á grundvelli viðfanga í mati faghóps 3 og þess sem kom fram á fundinum.
Ákveðið að hittast að rúmri viku liðinni til að fara yfir og ákveða hvernig skilaboðum um líklega rannsóknarþörf hópsins væri yrði komið áleiðis til verkefnisstjórnar.
4. Engin önnur mál og fundi slitið

Fundargerð ritaði BG